

Sp. 991. Tillaga til þingsályktunar [368. mál]
um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir næsta Alþingi tillögu um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum og á hvern hátt megi breyta skattheimtu að öðru leyti og spara og hagræða í ríkisrekstrinum til að ná þessu markmiði án þess að minnka þjónustuna.

Greinargerð.

Nefndin hefur fjallað um 267. og 270. mál og orðið ásátt um að afgreiða bæði málin á þann hátt að hún flytur sjálfstæða till. til þál. er tekur á efni beggja tillagnanna. Fjarverandi þessa afgreiðslu í nefndinni var Þorsteinn Pálsson.